

# Fréttapistill frá forseta Íslands

5. júlí 2021

Fyrir rétttri viku, við upphaf nýliðinnar viku, var þess minnst að 70 ár eru frá stofnun Krabbameinsfélags Íslands. Þegar félagið var stofnað voru þegar til Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar og Krabbameinsfélag Vestmannaeyja. Nú eru aðildarfélög landssamtakanna 22 og gegna öll mikilvægu hlutverki í baráttu okkar gegn þessum vágesti, baráttu sem gengur sífellt betur, þökk sé aukinni þekkingu, rannsóknum og aukinni vitund um áhættuþætti. Ég óska forystusveit Krabbameinsfélagsins, öllu starfslíði og velunnurum hjartanlega til hamingju með afmælið.

Á föstudaginn var flutti ég erindi með stafrænum hætti á ráðstefnu franskra stjórnvalda um nýtt átaksverkefni UN Women, Kynslóð jafnréttis. Íslensk stjórnvöld veita aðgerðabandalagi um kynbundið ofbeldi forystu og hafa unnið að megináherslum þess og mótun skuldbindinga að aðgerðum og verkefnum til næstu fimm ára. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sótti ráðstefnuna fyrir Íslands hönd. Í ávarpi mínu fjallaði ég um áherslu Íslands á þátttöku karla og drengja í forvörnum og aðgerðum sem miða að því að útrýma kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi gegn konum og stúlkum.

Þennan sama dag sóttum við Eliza fyrirlestur Sviatlönu Tsikhanouskayu í Veröld í Reykjavík. Erindið nefndist Leiðin til lýðræðis og rakti Tsikhanouskaya sögu andófs og baráttu fyrir lýðræði í Belarús. Eiginmaður hennar situr í fangelsi þar og hún þurfti að flýja land með börnum þeirra, eftir forsetakosningar sem hún tók þátt í en niðurstöður voru ekki virtar. Íslensk stjórnvöld styðja kröfur um nýjar og frjálssar kosningar í Belarús, hvetja til þess að pólitískum fögum þar verði sleppt og látið verði af kúgun og ofbeldi í garð þeirra sem styðja ekki núverandi stjórnvöld.

Að fundi loknum gafst okkur Elizu tækifæri til að setjast niður með Tsikhanouskayu. Fjölskylda Elizu tengist Belarús sterkum böndum. Í mörg ár tóku þau á móti börnum þaðan sem voru send á sumrin af landi brott til að þurfa ekki að vera langdvölum á svæðum með hárrí geislun eftir kjarnorkuslysið í Tsjernóbyl. Sumarið 2006 héldum við Eliza á heimaslóðir þeirra upp til sveita í Belarús g nutum þar gestrisni heimafólks.

Ísland og Belarús tengjast líka sögulegum böndum. Þorvaldur víðförli var með þeim fyrstu að boða kristni á Íslandi og hélt síðar í austurveg í þeim erindagjörðum. Síðustu ævidögum varði hann í klaustri í Polotsk sem heitir Dröfn í íslenskum sögum og er innan núverandi landamæra Belarús. Þar er Þorvaldur grafinn og bendi ég lesendum á sögulega skáldsögu Árna Bergmanns um hann, skemmtilega og fjöruga.

Sviatlana Tsikhanouskaya býr nú í útleð í Víníus, höfuðborg Litháens. Í næsta mánuði verða 30 ár liðin frá því að Ísland tók á ný upp stjórnmalasamband við það land, Lettland og Litháen, eftir ötulan stuðning við sjálfstæðisbaráttu þeirra, ekki síst með för Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra til þessara landa í janúar 1991, eftir mannskæða árás sovéskra öryggissveita á almenning í Víníus og Riga,

höfuðborg Lettlands. Í sama mánuði undirrituðu íslenskir og sovéskir embættismenn viðskiptasamning í Moskvu, um sölu íslenskra landbúnaðar- og sjávarafurða austur og kaup á ýmsum varningi þar. Hermt er að við hrun Sovétríkjanna síðar það ár hafi Ísland verið eina ríki heimsins sem átti ekki skuldir að innheimta í Moskvu. Á alþjóðavettvangi gilda bæði hugsjónir og hagsmunir.

Síðastliðinn laugardag sótti ég fyrsta viðburð Reykjavík Fringe Festival, listsýningu í Gallerí Fold. RVK Fringe er alþjóðleg listahátíð grasrótarhópa og annars listafólks. Síðar um daginn hlýddum við Eliza á annan viðburð hátíðarinnar, tónleika Hafdísar Bjarnadóttur og Passepartout Duo í Árbæjarsafni. Þau hafa heimsótt sveitabæi, spilað á hljóðfæri fyrir kindur og hljóðritað viðbrögðin til að leita svara við því hvers konar tónlist sauðfé líki best. Tónleikarnir hófust úti í návist fjárhjarðar safnsins en héldu svo áfram innandyra.

Þennan dag fögnuðum við Eliza líka 17 ára brúðkaupsafmæli. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar. Góðar stundir.